Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks íslands/Marxista-Lenínista

26. tölublað | Þriðjudag 12. júlí | 6. árgangur | Verð kr. 60.

STÉTTABARÁTTAN Í SUMARFRÍI TIL 12. ÁGÚST

Starfið innan verkalýðsfélaganna

Baráttan milli byltingarsinnanna og endurbótasinnanna er hvergi harðvítugri en innan verkalýðsfélaganna. Annars vegar er sú lína sem berst:

1) fyrir sameiningu verkalýðsstéttarinnar í voldug stéttarsamtök gegn borgarastéttinni, 2) fyrir einingu, lýðræði og virkni almennra félaga innan verkalýðsfélaganna, 3) fyrir brýnustu þurftar- og hagsmunamálum verkalýðsins hverju sinni og 4) fyrir sósíalískri byltingu, alræði öreiganna og síðan stéttlausu þjóðfélagi.

Hins vegar er sú lína sem sundrar verkalýðsstéttinni af hlífðarleysi bæði innan verkalýðsfélaganna og á vinnustöðunum. Það er stefna samvinnunnar við borgarastéttina á kostnað brýnustu hagsmunamála verkalýðsins. Það er stefna sundrungar og stjórnræðis innan verkalýðsfélaganna sem kemur í veg fyrir virkni almennra félaga. Það er sú stefna sem slær af brýnustu þurftar- og hagsmunakröfum verkalýðsins hverju sinni. Það er sú stefna sem heldur fagurfræðilega fram kröfum um sósíalisma, lýðræði, og þjóðfrelsi, um leið og hún dregur hluta verkalýðsins á tálar og byrgir honum þá sýn, að um frelsi verkalýðsins verður aldrei að ræða innan ramma auðvaldsþjóðfélagsins. Það gildir einu hvort um er að ræða "alþýðustjórn" á Alþingi því þjóðfélagsmeinin verða aldrei upprætt í þeirri samkundu.

Astandið innan verkalýðsfélaganna í dag.

Í dag er svo komið innan stærstu verkalýðsfélaga landsins að forysta þeirra er í höndum endurbótasinna, sem ýmist tilheyra borgaralegum "verkalýðsflokkum" eða hreinum og tærum borgaraflokkum. Þessir forystumenn hafa myndað með sér samtryggingarkerfi um að blaka ekki hverjir við öðrum, heldur frekar að styðja hvorir við annars bak. Gildir þar einu um hvort um þegjandi samkomulag er að ræða eða fyrirfram skipulagt. Þessi samvinna er gerð á kostnað vinnandi fólks, meðvitað af þessum erindrekum borgaralegra hugmynda og starfshátta innan raða verkalýðsins.

En hver er orsökin fyrir svo yfirdrifnum styrk endurbótasinnanna innan verkalýðshreyfingarinnar? Jú, sá styrkur er bein afleiðing af vanmætti kommúnistanna, nú og síðastliðna áratugi. Sá vanmáttur stafar fyrst og fremst af því að gamli Kommúnistaflokkurinn varð hentistefnunni að bráð.

Auk þess sem hagvöxtur íslenska auðvaldsins hefur verið mikill og það hefur leitt til þess að stéttamóthverfurnar hafa ekki skerpst sem annars skyldi og þess að auðvaldinu hefur tekist að kaupa sér talsmenn og erindreka innan verkalýðshreyfingarinnar.



Við fiskvinnslu á Akureyri.

Verkefni kommúnistanna.

Með fórnfúsu, óeigingjörnu og þolinmóðu starfi verða kommúnistar að efla og leiða til lykta baráttuna fyrir einingu, lýðræði og virkni fjöldans innan verkalýðsfélaganna. Fyrstu skrefin eru myndun andstöðuarms (gegn uppkeyptu forystunni) sem safnar að sér þeim framsæknu mönnum sem gera vilja verkalýðsfélögin að virkum baráttutækjum fyrir stéttarhagsmunum verkalýðsins. Slíkur andstöðuarmur getur gefið út blað, skipulagt og sam-

Framhald á baksíðu

Áfangasigur

Niðurstöður könnunar Þjóðhagsstofnunnar á áhrifum styttingar kauptryggingartímabilsins á launagreiðslur útgerðarinnar sýna, að launagreiðslur til sjómanna myndu að meðaltali hækka um 2,8% við slíka breytingu. Ef litið er á þá tölu gæti virst undarlegt, hve útgerðarmenn hafa lengi barist gegn öllum kröfum sem hníga í þessa átt. 2,8% er ekki jú mikið meira en t.d. sérkröfuskammturinn sem VSÍ úthlutaði öðrum aðilum innan ASÍ. Hvernig skyldi þá standa á þessari afstöðu útgerðarmanna?

Það eru að minnsta kosti tvær veigamiklar ástæður fyrir því hversu fast útgerðin hefur viljað halda í núverandi fyrirkomulag.

Í fyrsta lagi er það, að sá spónn sem útgerðin missir út aski sínum við að verða við þessari réttlætiskröfu sjómanna, er ugglaust meiri en útreikningarnir gefa til kynna.

Þeir orða það sjálfir þannig, að þótt laun sjómanna hækki ekki mikið, kalli breytingin á stórauknar bankafyrirgreiðslur til útgerðarinnar, því með

Framhald á síðu 3

Þegar blaðið var að fara í vinnslu bárust þær fréttir, að samningar hefðu náðst milli útvegsmanna og yfir- og undirmanna á fiskiskipum. Fréttirnar voru þó enn nokkuð óljósar. Samkvæmt þeim virðist sem forystan hafi algjörlega fallið frá kröfunum um leiðréttingu skiptaprósentunnar með því að skrifa undir samninga án nokkurs fyrirvara um óánægju sjómanna og að þeir hyggðust síðar fá leiðréttingu sinna mála. Með þessu samkomulagi (ef rétt er haft eftir) er forystan því að leggja blessun sína yfir bráðabirgðalögin. Væri henni hollt að minnast þess, að fyrir ári síðan var lækkun skiptaprósentunnar kolfelld í yfirgnæfandi fjölda félaga



Matthías Bjarnason sjávarútvegsráðherra leggur hornstein að Hrafnistu í Hafnarfirði. Bráðabirgðalögin frá 6. sept. er þó það minnismerki sem lengst mun loða við nafn hans.

MEÐAL EFNIS:

Israel: Fasísku öflin vinna á — SJÁ BAKSÍÐU

Itölsku „kommúnistarnir" vilja „lög og reglu" — SJÁ BAKSÍÐU

Fyrir hverja er lýðræðið — SJÁ SÍÐU 3

Nýja stjórnarskráin í Sovétríkjunum-fasísk löggjöf

Nýja stjórnarskráin, sem samþykkt var af æðsta Sovétinu um daginn markar nýjan áfanga í þróun Sovétríkjanna. Sú endurskoðun, sem Krúsjeff stóð fyrir árið 1956 á marxismanum, hefur nú verið gerð að lögum í Sovétríkjunum. Nú hefur alræði öreiganna verið afnumið með lögum og flokkur öreigastéttarinnar er nú lögum samkvæmt flokkur allrar alþýðunnar. Þessar og margar aðrar breytingar sem orðið hafa þýða aðeins eitt. Stjórnarfarslegan undirbúning undir þriðju heimsstyrjöldina og árásaraðgerðir út á við, ásamt frekari kúgun og fasisma heima fyrir.

Ríki alls fólksins og flokkur allrar alþýðu.

Hinn illræmdi endurskoðunarsinni Nikita Krúsjeff, sem hrifsaði til sín öll völd í Sovétríkjunum árið 1956 og tróð í svaðið kenningar Leníns og Stalíns, varð fyrstur til að setja hugmyndina um ríki alls fólksins. Þessi hugmynd var sett fram gegn marxismanum og hún braut þvert á allar kenningar Leníns um Sovétveldið. Lenín lagði einmitt áherslu á, að ríkið væri verkfæri einnar sérstakrar stéttar til þess að kúga aðrar stéttir með og til þess að gæta sameiginlegra hagsmuna stéttarinnar allrar. Lenín endurvakti hinar gleymdu kenningar Marx og Engels um ríkisvaldið og stéttarlegt eðli þess, þróaði þær og varði og leiddi rússneskan öreigalýð í baráttunni fyrir framkvæmd þeirra árið 1917. Sigur Októberbyltingarinnar 1917 var staðfesting á réttileika hinna marxísku kenninga um ríkisvaldið og þær voru leiðarljós sósíalísku uppbyggingarinnar í Sovétríkjunum allt fram til ársins 1956, þegar Krúsjeff hafnaði þeim á 20. flokksþinginu og heimfærði þær sem stalínískaóra. Kenningin um ríki alls fólksins var sköpuð og sett fram, sem árás gegn marxismanum og sovésku byltingunni. Hún var helsta röksemd borgaralegra afla innan Kommúnistaflokksins gegn verkalýðnum og alræði hans. Þess vegna ber að skoða nýju stjórnarskrána, sem

Framhald á síðu 3

LEIÐARI:

Orsök kjaraskerðingar

Augu margra hafa opnast nú undanfarið fyrir því hvað yfirvinnan er óæskileg. Þessi uppgötvun er reyndar nokkuð seint á ferðinni miðað við hin Norðurlöndin. Þar hefur 40 stunda vinnuvika komist á í raun og lengri vinnutími verið afnuminn með öllu. Fyrir okkur er því mikilvægt að gera okkur grein fyrir hverjar eru orsakirnar fyrir því að vinnudagurinn er svona langur. Ef við lítum til baka sjáum við að lengd vinnudagsins tekur mikinn kipp upp úr síðara stríði. Á þeim tíma flæddi inn í landið erlent fjármagn og verkefnin voru mikil í kringum herinn. Eftir þetta hefur þenslan haldist, mikil atvinna og fjármagn nægilegt til að halda uppi mikilli eftirspurn eftir vinnuafli. Þetta varð til þess að verkafólk, sem ennþá mundi gjörla atvinnuleysi kreppuáranna 1930, fékk nú næga atvinnu bæði dag og nótt. Fólk hafði skyndilega þó nokkuð fé handa á milli reyndar fyrir 14-16 tíma vinnudag, en fólk setti það ekki fyrir sig og yfirvinnuæði greip nú um sig. Fólk vann myrkranna á milli og nú gat venjulegt verkafólk jafnvel eignast eigið húsnæði ef svokölluð "uppgripa" vinna fékkst. Hinn ótrúlega langi vinnudagur sem komst á fyrir 30 árum ruglaði allt verðmætamat. Verkafólk talaði ekki lengur um dagvinnukaup heldur dagkaup (dagvinna + yfirvinna og í mörgum tilvikum + yfirborganir). Verkafólk gerði sér ekki lengur grein fyrir hver voru raunveruleg laun þeirra, en stanslaus þrældómur var gylltur sem spennandi og eftirsóknaverður hlutur, sem gæfi peninga í aðra hönd. En það sem rekur kapítalistana áfram er leitin eftir hámarksgróða og þetta hefur þau áhrif að þeir reyna að borga verkafólki aldrei hærri laun, en sem nægja til framfærslu. Þess vegna þegar yfirvinna í kringum 12-14 tímar á dag var orðinn hin raunverulegi dagvinnutími voru launin lækkuð. Verkafólk miðaði nú framfærslu sína við 12-14 tíma vinnu á dag. Aukavinnan fram yfir 8 tímana var ekki lengur uppbót á kaupið heldur hrein nauðsyn til að geta lifað. Verkafólk hafði í raun færst marga áratugi aftur í tímann. Íslenskir verkamenn höfðu misst heilt tímabil úr framþróun baráttu sinnar, en á því tímabili var á hinum Norðurlöndunum komið á 8 tíma vinnudegi, en hér 12-14 tíma.


Á meðan verkafólk þrælaði stöðugt myrkranna á milli og sá enga aðra leið út úr vítahring skulda og víxla en ennþá lengri vinnudag, komu kapítalistarnir með nýjar leiðir til að auka enn meir gróða sinn. Tímabil akkorða og bónuskerfa hóf göngu sína í þessum nýju kerfum eygðu verkamenn nokkra möguleika á hagnaði þó að kapítalistinn hirti bróðurpartinn.

Með aðstoð svikullar verkalýðsforystu var nú komið á akkorðum og bónusum hvarvetna þar sem það skapaði aukinn gróða, en jafnframt því var kaupmátturinn skertur.

Í dag fást lífvænleg laun fyrir 12-14 stunda vinnudag + bónus eða akkorðsvinnu, sem búið er að koma á í flestum atvinnugreinum. Hið nýja bónus- eða akkorðskerfi er ekki lengur sá tekjuauki umfram nauðsynjatekjur til framfærslu eins og það var í upphafi heldur er það orðið nauðsynlegur hluti af framfærslutekjunum á sama hátt og yfirvinnan.

Hin hrikalega staða sem svikul og ófær verkalýðsforysta hefur komið verkalýðnum í er því sú, að til að geta lifað, fætt og klætt sig og sína, verður að vinna 12-14 tíma á dag auk þess að vinna verður þessa tíma í akkorði. Verkalýðshreyfingin verður að snúast gegn þessu ástandi af þeirri festu og meðvitund sem verkalýðnum er einum lagið. Það verður að losa sig við þá hlaupasnata kapítalistanna innan forystunnar, sem hafa ráðið ferðinni hingað til og komið málunum fyrir eins og raun ber vitni. Þær kenningar að setja beri fram einhverjar aðrar kaupkröfur, en sem gera ráð fyrir að dagvinna nægi til framfærslu, eru andstæðar verkalýðnum og styðja í raun þá þróun sem ríkt hefur síðastliðin 30 ár. Verkalýðshreyfingin þarf ekki aðeins að berjast gegn hinum langa vinnudegi heldur líka auknum þrældómi sem bónuskerfin hafa skapað. Verkefni okkar í kjarabaráttunni er að afnema yfirvinnuna og bónuskerfin, sem gert hafa verkafólk að útslitnum þrælum. Sá sem stendur gegn þessari ætlun hins framsækna verkalýðs hefur gengið auðvaldinu á hönd og skiptir þá engu hvort hann hefur krýnt sig nöfnum á borð við vilji þjóðarinnar eða vilji alþýðunnar.

10/7



„MINNKIÐ RÍKISUMSVIFIN OG STÖÐVIÐ AUKNA SEÐLAPRENTUN"

VÍSIR

„Báknið burt" fær hjálp

Ungir sjálfstæðismenn fengu góðan stuðning í síðustu viku við að koma „Bákninu burt". Vísir birti fyrir helgina viðtal sem danska blaðið Börsen átti við hagfræðinginn og Nóbelsverðlaunahafann Milton Friedman um efnahagsmál. Segir hann þar að eina ástæðan fyrir verðbólgunni sé of mikil ríkisumsvif. Besta lækningin sé því sú, að minnka ríkisumsvifin og um leið að stöðva aukna seðlaprentun.

S.U.S. og Milton Friedman.

Ungum sjálfstæðismönnum hefur nú bæst enn einn hugmyndafræðingur í sinn hóp, og er hann ekki af lakara taginu. Milton Friedman nóbelsverðlaunahafi í hagfræði. Hann varð frægur fyrir það að aðstoða fasistastjórnina í Chíle til að leysa verðbólguvandamál sín. Það sem sameinar hugmyndafræði ungra sjálfstæðismanna og M. Friedmans er það, að besta lækningin við verðbólgu sé að minnka ríkisumsvifin og draga úr seðlaprentun.

Ekki er minnst einu orði á þær hugmyndir M. Friedmans að 8% atvinnuleysi sé hæfilegt til að viðhalda auðvaldsskipulaginu.



...í stuttu máli

FRH. AF SÍÐU 3

og ástandið fer versnandi. Þriðjungur 5,5 milljóna atvinnuleysingja þessara landa er æskufólk. Í Bretlandi jókst atvinnuleysi æskufólks úr 28 þús. í 200 þús. frá 1968-1976. Svipaða sögu er að segja frá Frakklandi, Ítalíu, Kanada og fleiri iðnríkjum.

Með auknu almennu atvinnuleysi í kapítalísku löndunum sér fjöldi námsfólks fram á að fá enga atvinnu að námi loknu. Tveir þriðju af atvinnuleysingjum æskufólks á Ítalíu er að leita að vinnu í fyrsta sinn og um það bil helmingur þess er með framhaldsskóla- eða háskólamenntun. Þannig er æskufólk, sem nýkomið er út á vinnumarkaðinn fyrstu fórnardýr atvinnuleysisins og einkum þeir sem einhverja framhaldsmenntun hafa.

Í Bandaríkjunum er atvinnuleysisvandamálið sérstaklega alvarlegt meðal svarts æskufólks. Árið 1955 voru 13% þeirra atvinnulausir, 1973 voru það 30,2% en var í fyrra komið upp í 40%. Fjöldi svartra, atvinnulausra ungmenna er miklu meiri en hvítra á sama tímabili. Í Detroit, miðstöð bílaframleiðslunnar, þar sem meirihluti íbúanna er svartur, er atvinnuleysi svartra ungmenna áætlað frá 50-75%. Í Oakland í Kaliforníu er tala þeirra áætluð um 75%.

Mikill hluti atvinnuleysingjanna ráfar um göturnar og valdastétt kapítalísku landanna hefur af þessu þungar áhyggjur. Kapítalistarnir óttast pólitískar og félagslegar afleiðingar þessa ástands. Og hvað óttast þeir helst? Í breska blaðinu, Economist, var um þetta fjallað nýlega og þar segir að flestar ríkisstjórnir vesturlanda "hafi skýrar en óþægilegar endurminningar frá námsmannaaðgerðunum frá því seint á sjöunda áratugum og hræðast að erindrekar öfga og byltingar séu ekki langt frá atvinnulausri æskunni".

(Byggt á Hsinhua).

Ítölsku „kommúnistarnir" vilja „lög og reglu"

hefðu sett sig gegn þeim. En Berlinguer var alls ekki mótfallinn þessum lögum. Þvert á móti lýsti hann velþóknun sinni á þeim og lýsti þeirri ósk sinni að lögreglan gerði út af við "maóistana" í ræðu á fjölmennum útifundi í Róm nýlega. Ítölsku "kommúnistarnir" eru greinilega ekki svo frábrugðnir herrum sínum í Moskvu, þótt þeir þykist sjálfstæðir og frumlegir. Berlinguer er ekkert annað en fasískur leiðtogi og ítalski "kommúnistaflokkurinn" er á hraðri leið að verða aðalstoð ítalska fjármálaauðvaldsins

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar: sími 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð, Lindargötu 15. Opin mánud. til föstud. kl. 15:00 - 18:30.

Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvalds Reykjavíkurvegi 24.

Akureyri: Jón Atli Játvarðsson Hafnarstræti 23.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10, Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðastræti 7.
Neskaupsstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.



ÚR BARÁTTUNNI


ÁHRIF YFIRVINNUBANNSINS.

Þegar litið er á yfirvinnubannið í ljósi reynslunar, kemur það í ljós að flest verkafólk vill ekki vinna lengur en 8. tíma á dag, eins og skiljanlegt er.

Á einum stærsta vinnustað hér um slóðir var t.d. skipuð nefnd til að kanna, hvernig hægt væri að koma því við að vinna 8. tíma á dag, en fá borgað sem svarar 10. tímum.

Þetta er í raun ósköp auðvelt því að þetar unnið er 8 tíma á dag þá vinna menn miklu betur og eru ánægðari með sinn hlut. Fjölskyldumenn fara nærri um það hversu mikill munur er að geta komist heim kl. 5 á daginn og sinnt fjölskyldusinni: Þeir vakna miklu mun hressari á morgnana og mæta því mun betur.

Svik ASÍ forustunnar felast m.a. í því að hún hefur ekki sett á oddinn kröfuna um lífvænleg laun fyrir 40stunda vinnuviku. En sem betur fer virðist raunin ætla að verða sú að verkafólk á vinnustöðunum ætla að taka málin í sínar eigin hendur.



...í stuttu máli

Frá kennurum í Kína.

Barna- og gagnfræðaskólakennarar í Sjanghæ, stærstu borg Kína, hafa hafið hreyfingu til að bæta starf sitt. Þetta er í tenglum við hreyfinguna Lærum frá TACHING, fyrirmynd Kína í iðnaðaruppbyggingu. Þeir reyna að þróa hugmyndir sínar og afstöðuna til starfsins til að fylgja hinni hröðu efnahagsuppbyggingu landsins.

Margir kennarar hafa gert áætlanir um endurskoðun hugmynda sinna og læra að vera bæði hæfir kennarar og hæfir byltingarmenn. Ungir og aldnir kennarar vinna saman og í samvinnu við nemendur.

Grundvöllur hreyfingarinnar er gagnrýni á klíku fjórmenninganna fyrir skemmdarverk hennar á byltingunni í menntamálum. Klíkan og fylgjendur hennar rægði og réðist á kennara. Þeir hunsuðu þá stefnu flokksins að sameinast, mennta og enduruppala menntamennina og skemmdu byltinguna í menntunarmálum. Til að bæta skemmdarverk klíkunnar hefur hreyfing kennaranna numið fyrirskipanir og handleiðslur frá Mao formanni, Húa og Chou En Lai og starfar samkvæmt stefnu Maos í menntamálum.

Kennararnir reyna að bæta nemendum það upp utan skólatíma, ef þeir hafa misst úr náminu og koma á betri tengslum milli skólanna og heimilanna. Einnig fara kennararnir með námsfólkinu í verksmiðjur, kommúnur og herinn þar sem námsfólkið lærir iðnaðar- og landbúnaðarstörf og fær hernaðarþjálfun. Kennararnir stefna að bættum samskiptum við nemendurna með andlega og líkamlega velferð þeirra að markmiði. Á síðustu mánuðum hafa margir kennarar komið til liðs við hreyfinguna og enn fleiri hafa lýst sig fylgjandi þessu frumkvæði hópsins frá Sjanghæ.

(Byggt á Hsinhua)

Fyrir hverja er lýðræðið

Dufþakur


Í fjölmiðlum er mjög gumað af því mikla frelsi og lýðræði, er við búum við. Morgunblaðið er óspart á að prísa hið vevestræna lýðræði og bandalag vestrænna lýðræðisríkja - Nató. En, í hverju er þetta margrómaða lýðræði fólgið - og getur verið að sumir hafi meira af því að segja en aðrir? Það er sagt, að við höfum frelsi til að gera hvað sem er, segja hvað sem er, o.s.frv o.s.frv. En allt þetta málæði um lýðræði og frelsi eru bara innantómir frasar. Lýðræðið verður að skoða eins og annað út frá þeirri staðreynd, að við lifum í stéttskiptu þjóðfélagi, þar sem stóratvinnurekendur og skósveinar þeirra í ríkisvaldinu fara með öll völd í þjóðfélaginu, en hinn vinnandi fjöldi hefur ekkert að segja um gang mála. En sökum þess að borgarastéttin er miklu fámennari en verkalýðsstéttin verður hún að stjórna í krafti lýðræðis og þingræðis. Völd hennar eru best tryggð með því að veita verkalýðnum vissar tilslakanir og umbætur. En hver og einn fær að ráða því hverjir stjórna landinu með því að kjósa til alþingis á fjögurra ára fresti er sagt.

Í bók sinni, Ríki og bylting gerir Lenín þessu atriði glögg skil. Hann segir m.a.: "Að ákveða einu sinni á nokkrum árum, hver úr ríkjandi stétt skuli vera fulltrúi og böðull þjóðarinnar í ríkisþinginu - það er í raun réttri þungamiðja þingræðisins, ekki einungis í löndum sem hafa þingbundna konungsstjórn, heldur einnig í allra lýðræðislegustu þjóðveldum." Engels segir (hreint og beint, að almennur kosningaréttur sé ekkert annað en drottnunartæki borgarastéttarinnar. En eru hinar raunverulegu ákvarðanir teknar á alþingi? Lenín svarar þessu þannig: "hin eiginlegu ríkisstörf" eru unnin bak við tjöldin af ráðuneytum, skrifstofum og herforingjaráðum. Í ríkisþinginu er ekkert gert annað en þvaðra í þeim sérstaka tilgangi að draga "almúgann" á asnaeyrum." Þekkjum við ekki einmitt dæmi þess hér á landi (að herforingjaráðinu slepptu) ?

Hér á landi ríkir prentfrelsi, málfrelsi og fundafrelsi - auk almenns kosningaréttar. En í sjálfum grundvelli þjóðfélagsins, hinni efnalegu framleiðslu, þar sem verðmæti þjóðfélagsins eru sköpuð, ríkir ekkert frelsi verkalýðnum til handa. Verkalýðsstéttin skapar öll verðmæti þjóðfélagsins og án vinnu hennar er ekki unnt að halda þjóðfélaginu gangandi með tilheyrandi menntakerfi, heilsugæslu, tryggingum og ríkisbákni. Samt sem áður er ekki um að ræða neina ákvörðunartekt af hálfu verkalýðsins í sambandi við framleiðsluna, skipulagningu hennar og dreifingu. Slíkar ákvarðanir taka fáeinir menn, sem að jafnaði vinna ekki við sjálfa framleiðsluna, heldur eiga fyrirtækin og hirða gróðann af rekstrinum, en skammta verkalýðnum hins vegar laun fyrir vinnuna. Þessi laun eru yfirleitt svo smánarleg, að verkalýðurinn verður að vinna myrkranna á milli til að geta séð sjálfum sér og fjölskyldunni sinni farborða. Og þegar atvinnurekandinn hefur ekki lengur þörf fyrir vinnandi hendur er verkamanninum kastað út í raðir atvinnuleysingjanna. Er þá hægt að kalla þetta lýðræði? Nei, þetta er aðeins lýðræði fyrir minnihlutann til að kúga og arðræna meirihlutann.

Lýðræðið er því ýmsum takmörkunum háð, en borgarastéttin þarf á því að halda til að tryggja völd sín - eða svo aftur sé vitnað í Lenín: "Almætti "auðsins" er tryggara í lýðræðislegu þjóðríki sökum þess, að þar er það ekki háð neinni illa gerðri pólitískri auðvalds-hulu. Fyrir auðvaldið getur ekki betri pólitíska hulu en lýðræðislegt þjóðveldi"

Dufþakur.



...í stuttu máli

AÐGERÐIR S-MÓLÚKKANNA

Þegar Holland eftir ósigurinn í Austur Indíum varð að láta af völdum á þessu svæði, sem hafði verið nýlenda þess, lofaði hollenska stjórnin einum þjóðernisminnihlutanum, Mólúkkunum, sjálfstæði.

Það er þetta loforð sem mólúkkarnir reyndu með aðgerðum sínum að þvinga hollensku stjórnina til að standa við. Þeir kröfðust þess að Holland tæki málið upp hjá Sameinuðu-Þjóðunum og reyndu að fá stjórn Indónesíu til að sleppa yfirráðunum yfir eyjaklasanum, Suður Mólúkkaeyjum. Slík krafa felur í raun aðeins í sér viðurkenningu á því að Holland beri enn yfirráðaréttur og ákvörðunarvald í þessari fyrrum nýlendu sinni.

Hvernig lítur Kommúnistaflokkur Indónesíu á Mólúkkana.?

Þegar S-Mólúkkarnir hertóku lest í Hollandi fyrir tveimur árum síðan setti kommúnistaflokkurinn í Indónesíu fram skoðun sína á þessari baráttu. Flokkurinn er hlynntur því að Mólúkkarnir verði hluti lýðræðislegu ríki í Indónesíu:

" Í baráttu alþýðu Indónesíu fyrir þjóðlegu sjálfstæði sameinuðust suður Mólúkkarnir fólki af öðrum þjóðflokkum og mynduðu sterka baráttufylkingu gegn hollensku og japönsku heimsvaldastefnunni, En þeirri stefnu sinni að deila og dtrottna lokkuðu hollensku nýlenduherrarnir hluta þeirra sem stóðu á bak við aðskilnaðarhreyfinguna "Suður mólúkka-lýðveldið" til að flytja til Hollands. Þar hefur þetta fólk búið s.l. 25. ár við mjög slæman aðbúnað og algjört öryggisleysi. Það eru þessar aðstæður sem hafa fengið þá út í að framkvæma aðgerðir á borð við lestarránið auk aðgerða í sendiráði Súhartó stjórnarinnar í Hollandi. Þessar aðgerðir eru hrein ævintýrapólitík. Þær eru framkvæmdar einangraðar frá alþýðu mólúkkaþjóðflokksins, svo og alþýðu annara þjóðflokka en án stuðnings alþýðunnar geta slíkar aðgerðir aldrei borið árangur. Sú leið sem fara verður til að tryggja framtíð mólúkkana og annara þjóðflokka en án stuðnings alþýðunnar geta slíkar aðgerðir borið árangur. Sú leið sem fara verður til að tryggja framtið mólúkkanna og annara þjóðflokka er sameiginleg barátta indóneskar alþýðu. Alþýða Indónesíu verður að sameinast í baráttunni gegn Súhartó stjórninni og berjast fyrir frjálsu og lýðræðislegu ríki í Indónesíu, þar sem fólk úr öllum þjóðflokkum nýtur jafns réttar."

(lausl. þýð úr Arbrjderavisen)

O

ATVINNULEYSI ÆSKUFÓLKS Í KAPITALÍSKU LÖNDUNUM EYKST.

Atvinnuleysi æskufólks um og innan við tvítugt eykst hröðum skrefum í flestum kapítalískum löndum V-Evrópu. .

Atvinnuleysi æskufólks í OECI löndunum 24 hefur nú náð 7 milljónum en það er um 40% af heildaratvinnuleysingjatölu þessara landa, en æskufólkið er aðeins 22% af vinnandi fólki sömu landa.

Í Bandaríkjunum hefur atvinnuleysi æskufólksaukist úr 12,1 % í 19 9 % á síðasra áratug. Í EBE löndunum níu hefur borið á því að atvinnuleysi æakufólks hefur aukist hlutfallslega meira en heildaratvinnuleysið. Þessi þróun hefur verið síðustu sjö

Framhald á síðu 2

Nýja stjórnarskráin í Sovétríkjunum - fasísk löggjöf

Framhald af forsíðu

lögfestingu á sigri hinna borgaralegu afla yfir alræði öreigastéttarinnar í Sovétríkjunum. Það merkir að ný stétt hefur skráð yfirráð sín í stjórnarskrá Sovétríkjanna - hin nýja borgarastétt, sem hefur töglin og haldirnar í flokksvélinni og ríkisvaldinu.

Forsendan fyrir sigri borgarastéttarinnar var sigur hennar innan flokksins. Án þess að leggja fyrst að velli Bolsévíkkaflokkinn, sem leiddi og varði sósíalismann, var ómögulegt að sigra Sovétríkin. Flokkurinn var aflið sem stóð vörð um alræði öreiganna. Hann átti traust allrar vinnandi alþýðu í Sovétríkjunum og í höndum hans voru allir valdaþræðir sameinaðir. Þess vegna beygði alþýða Sovétríkjanna sig undir ákvarðanir 20. flokksþingsins, að miðstjórn flokksins naut nánast takmarkalauss trausts alþýðunnar og auk þess var fjöldagagnrýni og fjöldaþátttaka í stjórnun eins og gerist í Kína í dag, lítt þróað fyrirbrigði. Flokknum hafði ekki tekist að virkja milljónafjöldann, sem skyldi, en einmitt þetta er ein helsta lexían af sovésku "mistökunum". Til þess að réttlæta afturhvarfið frá kemmingum Leníns um stéttareðli flokksins, skap skapaði Krúsjeff kenninguna um flokk allrar alþýðu. Hann lagði þar með grundvöllinn að breytingu kommúnistaflokksins og ríkisvaldsins yfir í alræði nýrrar borgarastéttar undir forræði fasísks ofbeldis flokks. Sovéski flokkurinn er ekki lengur framvörður verkafólks, ne forsvari hins framsækna og byltingarsinnaða. Hann er kúgunartæki nýrrar borgarastéttar, sem óspart er beitt til að berja frelsi sovéskrar alþýðu niður og þvinga upp á hana heimsvaldastefnu nýju keisaranna í Kreml.

Brésneff-klíkan hefur nú skráð fasískar hugmyndir Krúsjeffs í stjórnarskrá landsins og lögfest þær þar með. Glæpsamlegt framferði Kremlherranna hefur nú verið gert að landslögum í Sovét, líkt og vitfirringsæði Hitlers var óskráð lög í Þýskalandi á sínum tíma. Hitler sagði: "Ein þjóð, eitt ríki, einn leiðtogi", nýju herrarnir í Kreml segja: "Ríki einnar þjóðar, flokkur einnar þjóðar og einn leiðtogi". Það síðastnefnda á einkum við eftir að Brjesneff varð forseti á dögunum.

Nýja sovéska stjórnarskráin er varða á vegi fasismans og hernaðareinræðisins sem endurskoðunarsinnar hafa leitt yfir sovésku þjóðirnar. Hún er tilraun til að réttlæta stríðsæsingar og blóðveldi Brésneffs.

Áfangasigur

Framhald af forsíðu

henni minnki rekstrarfé hennar mikið. Verðbólgan hefur gert útgerðarmönnum fært að velta þeim fjármunum, sem í raun eru laun sjómanna, í marga mánuði, og skapa sjálfum sér með því aukinn gróða. Á svo löngum tíma rýrnar líki gildi launanna vegna verðbólgunnar, þ.e. sá hlutur sem fer til útgerðamannsins eykst á meðan hlutur sjómannsins minnkar að sama skapi.

Í öðru lagi er útgerðarmönnum kappsmál að viðhalda þeirri bábilju að hagsmunir útgerðar og sjómanna séu sameiginlegir. Þeir reyna að halda því á lofti, ástæðan fyrir því, að svo langur tími er á milli uppgjöra við sjómenn, sé að sjómenn séu ekki eiginlegir launavinnumenn. Að báðir aðilar hagnist þegar vel veiðist, en beri hins vegar tapið sameiginlega ef illa gengur. Sjómenn hafa fyrir löngu rekið sig á að þetta er þvættingur. Í góðærum aukast undirborðsgreiðslur til útgerðarinnar framhjá skiptum, og þegar illa árar hleðst upp sjóðakerfi þar sem sífellt stærri hluti er dreginn undan skiptum og settur í sjóði. Útgerðarmenn nota ekki aukinn gróða til að bæta kjör sjómanna heldur er hann notaður í fjárfestingar, til kaupa á skipum sem eru eign útgerðarmannanna - ekki sjómanna.

Krâfa sjómanna um styttingu kauptryggingatímabilsins er því krafa sem stefnir að því að gera sjómenn óháðari rekstri fyrirtækjanna og undirstrika það, að þeir eru launavinnumenn, og ber sem slíkum, tryggar og öruggar launagreiðslur.

Miklar líkur eru á því að þessi krafa náist í gegn í samningaviðræðunum. Það yrði vissulega áfangasigur. Þeim sigri yrði þó að fylgja eftir bæði með því að láta útgerðarmenn setja tryggingu fyrir skilvísum greiðslum með fyrsta veðrétti í skipunum og eins þurfa sjómenn að vera vakandi fyrir því að "kostnaðarauka" útgerðarinnar verði ekki velt yfir á sjómenn með enn auknum undirborðsgreiðslum og lækkuðu fiskveiði. Hér eiga sjómenn erfitt um vik, þar sem þeir hafa enga möguleika á að kynna sér hver verðlagsgrundvöllurinn er sem verðlagsnefndir ganga út frá. Sjómenn eiga skýlausan rétt á því að forystulið þeirra birti grundvöllinn, svo þeir geti metið réttmæti hans.

Þótt útgerðarmenn samþykki þessa kröfu nú, án þess að til verkfalla komi, mega fulltrúar sjómanna í samninganefndinni ekki hvika frá kröfunni um hækkun skiptaprósentunnar. Úrslit atkvæðagreiðslna um lækkun skiptaprósentunnar í fyrra tákna beina kröfu til samninganefndarinnar um að skrifa ekki aftur undir slíka svikasamninga. Það byði aðeins hættunni á nýjum bráðabirgðalögum heim.

Enn hafa sjómenn ekki notað beittasta vopnið - verkfallsréttinn. Ef afnám þeirrar skiptaprósentu sem ríkisvaldið lögfesti með bráðabirgðalögunum næst ekki fram fljótlega verða sjómenn að beita því vopni.

Rvk. 7.7. '77.

Framhald af baksíðu.

Ísrael:

Fasísku öflin vinna á

Önnur ástæða óánægjunnar er hinn sívaxandi landflótti. Í dag er fjöldi þeirra, sem flytur frá landinu meiri en þeirra, sem flytjast til landsins. Til að reyna að stöðva þessa þróun notar síonistaríkið aðferðir lögregluríkis.

Kosningasigur Begins má túlka þannig að ísraelskir kjósendur vilji styðja eitthvað nýtt, - eitthvað annað en þá stjórn, sem hefur haft völdin í 29 ár.

Kjósendur vilji trúa því að til sé annar pólítískur valkostur, þannig að bætt verði úr efnahagslegu og félagslegu vandamálunum. Hins vegar er Begin svo öfgasinnaður, að sigur hans gæti einnig bent til þess að almenningur í Ísrael sé orðinn fjandsamlegri í garð araba og vilji harðari og ósveigjanlegri stefnu stjórnarinnar í þeim málum.

Horfurnar eftir sigur Begins

Nú stendur spurningin um það, hvernig stjórn Begins muni bregðast við "friðarpólitík" Carter stjórnarinnar. Í viðtali við útvarpsmann daginn eftir kosningarnar var Begin spurður að því hvort hann væri fáanlegur til að láta af hendi hluta hernumdu svæðanna, gegn því að nágrannalöndin viðurkenndu Ísrael. Hann svaraði: Hvaða hernumdu svæði? Ef þið meinið Júdeu, Samaríu (Vesturbakkann) og Gaza, þá eru þau nú þegar frelsuð svæði. Þau eru óaðskiljanlegur hluti Ísraelsríkis!"

Ef Begin heldur fast við þessa hörðu stefnu mun hún rekast á við ráðagerðir USA og Carters um "friðar"viðræður í Genf. Afleiðing þess yrði að Ísrael einangraðist alþjóðlega. Þá félli sú goðsögn Carters að Ísrael óski fyrst og fremst eftir friði í Mið-Austur löndum, en stuðningur við PLO og baráttu palestínsku þjóðarinnar myndi aukast að sama skapi.

Sigur Begins er þess vegna þrýstingur á stjórn Carters. Ef USA tekst ekki að fá Ísrael að samningaborðinu með PLO er hættan á 5. stríðinu yfirvofandi. Carter gæti með dollurum sínum þrýst á Ísrael, því ef Ísrael missti bandarísku dalina, gæti það ekki unnið neina styrjöld.

(Þýtt úr Palestina nytt nr. 4.77)



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
26. tbl. 6. árg. 12/7. 1977.

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Ísrael:
Fasísku öflin vinna á

Í kosningunum í Ísrael 17. apríl sl. var bundinn endir á 29 ára stjórnartímabil Verkamannaflokksins . Stjórnarandstaðan, Likud-bandalagið, undir stjórn fyrrverandi terroristaleiðtoga Menachem Begin, fékk 41 af 120 sætum í Knesset(þjóðþinginu). Verkamannaflokkur Rabins (MAPAI) fékk aðeins 33 þingsæti. Þar með varð ljóst að það yrðu hinir síonísku öfgasinnar, Likud bandalagið, sem myndi standa fyrir myndun nýrrar samsteypustjórnar í Ísrael.

Mismunandi stjórnlist síonista.

Öllum síonistum er það sameiginlegt að þeir vilja að Ísrael styrki stöðu sína gagnvart Arabalöndum. Það sem skilur á milli þeirra er hins vegar það, hvaða stjórnlist þeir telja besta til að ná þessu takmarki sínu. Kosningabaráttan í Ísrael fól einmitt í sér átök milli tveggja slíkra mismunandi sjónarmiða. Fulltrúar þeirra voru Verkamannaflokkurinn og Likud - bandalagið.

Stefna Likud-bandalagsins undir forystu Begins er sú að útþenslustefna síonismans feli í sér nauðsyn á yfirráðum og hernámi eins stórra svæða og mögulegt er innan arabalandanna Stefnan er að þau svæði sem síonistar hafa þegar hernumið verði sem fyrst að byggjast af ísraelmönnum. Þá megi nota stríðsvélina til að hertaka stöðugt stærri svæði. Sérhverjum kröfum um að Ísrael eigi að draga sig til baka af hernumdu svæðunum til að stuðla að friði í Mið-Austurlöndum er vísað harðlega á bug af bandalaginu.

Rabín og Verkamannaflokkurinn telja að pólitísk yfirráð Ísraels eigi fyrst og fremst að grundvallast á efnahags-og tæknilegum yfirráðum í arabalöndunum. Þeir líta á arabalöndin sem kjörið markaðssvæði fyrir Ísrael og vilja geta tryggt sér hráefni þaðan, og selt þangað fullunnar iðnaðarvörur . Rabin og flokkur hans stefna því að góðri og "friðsamlegri" sambúð við nágrannalöndin svo fremi þau viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis og "örugg" landamæri.

Tvo minni flokka má einnig nefna, en þeir hafa mikilvægu hlutverki að gegna í samsteypustjórninni. Annar er Þjóðlegi trúarflokkurinn (NRP) sem er öfgasinnaður síonistaflokkur. Flokkurinn telur að Ísrael hafi skv. biblíunni kröfu á stöðugt stærra landssvæði. Þessi flokkur er því eðlilegur og nauðsynlegur samstarfsflokkur Begins. Hinn er Lýðræðislega umbótahreyfingin , sem er klofningur út úr Verkamannaflokknum. Flokkurinn vill breyta kosningalöggjöfinni, en hefur enga línu í utanríkispólitík og getur þess vegna mögulega tekið þátt í samsteypustjórn Begins.

Útspil Rabins

Um síðustu áramót lagði Rabin fram lausnarbeiðni sína:. Hún var liður í þeirri ráðagerð Verkamannaflokksins að fá kosningar eins fljótt og unnt væri. Kosningarnar voru fyrirhugaðar í nóvember 1977 en með því að stytta kosningarbaráttuna hugðist flokkurinn bæði sigra andstæðingana og fá kjósendur sína á sitt band. Mikilvægasta ástæðan fyrir því að Rabin vildi flýta kosningunum var ugglaust sú að hann vildi flýta Genfarsamningunum, og fá kosna stjórn sem gæti mætt sem fulltrúi Ísraels við samningaborðið. Með styttingu kosninga baráttunnar taldi hann að flokkurinn fengi forskot fram yfir aðrar flokka, einkum lýðræðislegu umbótahreyfinguna sem er klofningur úr Verkamannaflokknum, en hreyfingin fengi þá lítinn tíma til að kynna stefnu sína fyrir kjósendum.


Ástæður ósigursins

Það er eftirtektavert að Verkamannaflokkurinn galt mikið afhroð í kosningunum að stjórnarandstaðan, Likud bandalagið, fékk flesta fulltrúa. Þrátt fyrir það jók flokkur Begins ekki mikið við fylgi sitt. Ósigurinn er mjög tengdur þeim afhjúpunum á spillingu æðstu manna flokksins, sem komið hafa fram að undanförnu. Málsókn gegn húsnæðismálaráðherranum Abraham Ofer endaði t.d. með að hann framdi sjálfsmorð. Asher Yadlin var dæmdur fyrir að hafa notað stórar fjárhæðir í kosningabaráttu flokksins. Síðast kom svo uppljóstrunin um bankareikning Rabins og konu hans í Bandaríkjunum. Þar geymdu þau um 21. þús dollara. Slík efnahagshneyksli eru ekki beint góður vitnisburður fyrir Verkamannaflokkinn. Þau sýna aðeins að handhafar síoníska ríkisvaldsins hugsa meira um að skara eld að eigin köku en að "hjálpa" öllum sem eru af gyðingauppruna.

Annar þáttur sem Begin og Likud notfærðu sér mjög í kosningabaráttunni, er hin almenna óánægja meðal ísraelsmanna. Óánægjan á sér ekki síst rætur í miklu atvinnuleysi, himinháu verðlagi á matvörum og gífurlega háum sköttum. Í dag er um 38% verðbólga í Ísrael og ef ríkið ætti að fara að öllum þeim kröfum sem verkamenn hafa sett fram í verkföllum að undanförnu myndi það gera ríkið gjaldþrota. Það myndi kosta milli 1-2 millj milljarð ísraelskra punda(Palestine Information bulletin Vol. 3, nr. 3-77)

Síonistaríkið lifir á peningaaðstoð frá USA. Peningum sem eingöngu eru notaðir til að þróa stöðugt fram hernaðargögn Ísraelshers.

Framhald á síðu 3.



Myndin sýnir herþotu í eigu Ísraelshers ásamt sprengjum sem hún getur borið. Þessum vopnum hafa þeir óspart beitt gegn flóttamannabúðum Palestínuaraba.

Ítölsku „kommúnistarnir" vilja „lög og reglu"

Undanfarna mánuði hefur ástandið á Ítalíu farið hríðversnandi. Atvinnuleysi er óskaplegt og við unga fólkinu, sem er að koma úr skólunum, blasir ekkert annað en eymd og tómlæti. Margt æskufólk velur að halda áfram í skóla, í þeirri von að fá frekar vinnu með betri menntun, og eins til að fá eitthvað gagnlegra við tímann að gera en að mæla göturnar. Þetta ástand hefur leitt til óeirða meðal æskufólks, sem krefst atvinnu og öryggis. Þar við bætist, að verkafólk á Ítalíu hefur hvað eftir annað skekið veldi borgarastéttarinnar með víðtækum milljónaverkföllum og opinskárri baráttu. En hvernig snýst borgarastéttin til varnar?

Kristilegir demókratar-flokkur einokunarauðvaldsins.

Kristilegir demókratar hafa lengi verið við völd á Ítalíu og enn hefur flokkur þeirra meirihluta á þingi. En þeir hafa tapað miklu fylgi á undanförnum árum vegna endurtekinna hneyksla sem þingmenn þeirra hafa verið flæktir í. Nægir þar að minna á olíuhneykslið, mútugreiðslur frá CIA og getuleysi stjórnarinnar andspænis jarðskjálftunum sem skóku Ítalíu fyrr á þessu ári. Þar að auki hefur sannast, að Kristilegir demókratarnir hafa veitt nýfasistum vernd og fjármagnað hermdarverkastarfssemi þeirra að auki. Nú sem stendur eru kristilegu demókratarnir í minnihlutastjórn, en þeir njóta fullkomins stuðnings næst stærsta flokksins - ítalska "kommúnistaflokksins" undir forystu Enricos Berlinguers. Berlinguer lýsti því yfir strax að loknum þingkosningum í júní í fyrra, að flokkur hans myndi gera sögulega málamiðlun við kristilega demókrata og borgarastéttina, í því skyni að bjarga bágum efnahag Ítalíu. Undir kjörorðinu "lög og regla" hafa kristilegir demókratar gengið erinda ítalska einokunarauðvaldsins í einu og öllu og notið til þess tilstyrks "kommúnistaflokksins".

Berlinguer lýsir yfir stuðningi við fasistiseringuna.

Eftir að stúdentar við háskólann í Palermó og síðar við meiriháttar háskóla Ítalíu höfðu gert uppsteit og tekið völdin í háskólabyggingunum, réðust lögreglusveitir kristilegu demókratanna gegn þeim með táragasi og gúmmíkúlum. Á einum stað, í háskólanum í Róm, notfærði rektor háskólans sér framferði "kommúnistaforingjans" Lama, til þess að loka skólanum. Lama kom á vettvang með 1000 manna varðlið og heimtaði að stúdentarnir kæmu aftur á eðlilegri kennslu og hundsuðu "maóísku óeirðaseggina". Lama og varðhundum hans var hent út af lóðinni, en í staðinn birtist lögreglan og hreinsaði háskólalóðina. Eftir stúdentaóeirðirnar í júní, hefur stjórn kristilegu demókratanna undir forystu Andreottis, ákveðið að setja á ný ógnarlög sem koma eiga á lögum og reglu. Símahleranir á að auka, handtökur má framkvæma ef grunur liggur fyrir og halda má fanga allt að 48 stundum án yfirheyrslna eða ákæra. Þá er heimilt að framkvæma húsrannsókn hvenær sem er sólarhringsins og án sérstakrar skriflegrar heimildar - aðeins ef vörðum laganna býður í grun að viðkomandi sé viðriðinn "maóísku óeirðahreyfinguna" eins og fasistarnir á Ítalíu nefna það.

Þessi fasísku lög hefðu aldrei komist í gegnum þingið, ef Berlinguer og flokkur hans

Framhald á síðu 2

Starfið innan verkalýðsfélaganna

Framhald af forsíðu.

ræmt ræður og tillöguflutning á félagsfundum, unnið að hagsmunamálum verkalýðsins bæði innan verkalýðsfélagsins og á vinnustöðunum, komið í veg fyrir að framsæknir einstaklingar séu fótum troðnir af verkalýðsforystunni innan félaganna, undirbúið framboð og framkvæmt það o.s.frv. Framboð verkafólks innan verkalýðsfélaganna eru mjög mikilsverð og jákvæð jafnvel þó svo ekki náist sigur. Því þau hljóta óhjákvæmilega að neyða endurbótasinnuðu forystuna til að framkvæma og leiða til sigurs einhverjar af róttækum dægurkröfum verkalýðsins. Innan verkalýðsfélaganna er meiri hluti félagsmanna óánægður með stéttasamvinnustefnu forystunnar og vill róttækari og árangursríkari baráttu. En þessar óánægjuraddir standa sundraðar og verða þess vegna oft illa úti, því meðvituðu endurbótasinnarnir standa þétt saman um að brjóta niður slíka menn.

Þess vegna er eitt mikilvægasta skrefið að sameina stjórnarandstöðuna og heyja baráttuna skipulega. Marxistar-lenínistar verða að vera leiðandi fordæmi fyrir samstöðu og einingu innan verkalýðsfélaganna. Þeir eiga að vera óþreytandi við að afhjúpa svik, gagnrýna rangar hugmyndir og starfsaðferðir, benda á réttar leiðir, læra af verkalýðsfjöldanum og skóla hann í marxismanum-lenínismanum. Þetta á undantekningarlaust við um alla sem viðurkenna vísindi marxismans-lenínismans og hafa möguleika, vilja og getu til að færa þau út í starfi.

Fréttir frá Akureyri

Þann 26. júní sl. var haldinn fundur í verkalýðsfélaginu Einingu hér í bæ. Á þessum fundi kom fram mikil óánægja með nýgerða kjarasamninga, þrátt fyrir að tillaga Jóns Helgasonar og félaga um samþykkingu samninganna væri samþykkt. Sennilega hefur stjórn Einingar vitað um óánægju verkalýðsins í bænum, því fundurinn var illa auglýstur og aðeins um 50 manns mættu á hann. Eins og áður sagði voru fundarmenn óánægðir með samningana. Þessi óánægja birtist í tillögu sem borin var fram og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum: " Fundur verkalýðsfélagsins Einingar haldinn 26. júní samþykkir nýgerða kjarasamninga. Þó vill fundurinn taka fram, að þessir kjarasamningar munu ekki gera verkafólki kleift að lifa mannsæmandi lífi á dagvinnunni einni. Verkafólk neyðist áfram til að vinna óhóflega langan vinnudag. Krafa verkafólks fyrir samningana 1978 er því : Lífvænleg laun fyrir átta stunda vinnudag."

Samþykkt þessarar tillögu sýnir tvennt.

Í fyrsta lagi sýnir hún greinilega andstöðu verkalýðs gegn ASÍ forystunni og kjaramálastefnu hennar.

Hún sýnir að þeir sem telja að 100 þúsund króna krafan hafi komið frá verkalýðnum sjálfum hafa haft rangt fyrir sér.

Í öðru lagi sýnir hún að ASÍ forystan hefur gert þessa samninga þannig úr garði, að verkafólk neyðist til að samþykkja þá, þó að það sé á móti þeim.

Verkafólk, Lærum af þessum samningum og látum svik ASÍ forystunnar ekki endurtaka sig. Eflum stéttarvitund okkar fyrir næstu samninga. Endurreisum verkalýðsfélögin sem baráttutæki.

Verkamaður.

GERIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað